

Styrkir til ungra starfsmanna til klínískra rannsókna

Vísindasjóður Landspítala auglýsir til umsóknar tíu styrki til ungra starfsmanna til klínískra rannsókna, hvern að upphæð 1 milljón króna. Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 10. nóvember 2014.

Umsóknir: Vísindaráð Landspítala metur umsóknir fyrir hönd Vísindasjóðs. Nota skal umsóknareyðublað vísindaráðs og fylgja leiðbeiningum Vísindasjóðs. Umsóknir sendist til visindarad@landspitali.is

Nánari upplýsingar: Eygló Ingadóttir, vísinda- og þróunarsviði s. 543 5705, eygloing@landspitali.is

Markmið: Að styðja við klínískar rannsóknir og rannsóknarvirkni ungra háskólamenntaðra starfsmanna Landspítala. Markhópurinn eru starfsmenn sem hafa lokið háskólaprófi á síðustu 5 árum.

Skilyrði:

- Að styrkfé sé nýtt til greiðslu launa ungra rannsækenda vegna rannsóknarverkefna á Landspítala.
- Að vísinda- og þróunarsvið hafi umsjón með styrkfé.
- Ungur rannsækandi (aðalumsækjandi) og verkefnisstjóri (meðumsækjandi) skulu vera starfsmenn Landspítala.

Nánari lýsing:

- Styrkirnir eru ætlaðir til verkefna sem líklegt er að leiði til birtinga í ritrýndum alþjóðlegum vísindatímaritum.
- Verkefnin geta verið ný eða framhaldsverkefni.
- Framlag ungs starfsmanns til rannsóknarinnar sé verulegt og útskýrt. Fylgja skal bréf frá yfirmanni um að viðkomandi geti fengið launalaust leyfi frá klínískri vinnu meðan laun eru greidd af styrkfé.
- Vísindaverkefnið skal hafa skýr markmið og vel skilgreinda og varðaða verkefnisáætlun.
- Í umsókninni skal gera skýra grein fyrir væntingum um afrakstur og ávinning af verkefninu.
- Sami einstaklingur getur aðeins sótt um einn styrk sem aðalumsækjandi eða meðumsækjandi.
- Vísindasjóður veitir ekki fleiri en einn styrk til sama verkefnis hverju sinni.
- Þeir munu hafa forgang sem ekki hafa áður fengið sams konar styrk fyrir unga rannsækendur á LSH.

Sjóðurinn veitir ekki styrki til rannsókna sem þegar er búið að framkvæma.

Mat á umsóknum: Vísindaráð LSH metur umsóknir, með tilliti til vísindalegs gildis verkefna,

gæða umsókna og frammistöðu aðalumsækjanda, svo og reynslu meðumsækjanda af rannsóknarvinnu.

Úthlutun styrkja: Gert er ráð fyrir að úthlutun styrkja verði rétt fyrir jól. Styrkhafar halda stutta kynningu á fyrirhuguðu verkefni við afhendingu styrkja.